

Skólaráðsfundur þann 11. nóv. kl. 15.00 -16.00.

Fundarmenn: Helga Veronika varaformaður foreldrafélagsins, Kristinn skólastjóri, Jóhannes Páll fulltrúi nemanda, Marsibil aðstoðarskólastjóri, Sigurborg kennari, Sveindís formaður foreldrafélagsins og Úlfhildur kennari. Magnús var upptekinn, Hreindís var í veikindaleyfi og Sara var upptekin annars staðar.

Skólastjóri bauð alla velkomna til annars fundar skólaráðsins.

Hann upplýsti að unnið verður að námsmati í skólanum næstu mánuðina.

Leiktækin eru komin upp eftir þrýsting frá foreldrum og skólastjóra. Gormataekið sem bærinn gaf kemur aðeins síðar. Laga þarf svo sannarlega gæslurólóinn og skoða girðingarmálin þar!!!

Vinaliðaverkefnið er komið af stað og það verður gaman að fylgjast með þróun þess.

Nemenda- eða skólaþing – virkja á nemendur –skólastjórinn þekkir til slíkra þinga. Þeir sem tækju þátt eru nemendur í 5.-10. bekkjum. Gott væri að halda það á Ásvöllum. Formenn nemendafélagsins og þeir sem eru með *Hugmynd til framkvæmda* í vali gætu haldið utan um þetta. Foreldrafélagið hefur prófað eitthvað svipað fyrir nokkrum árum.

Þorgrímur Þráinsson var með fræðslu fyrir 10. bekki. Fundur var fyrir foreldra um kvöldið sem hefði mátt auglýsa betur og einnig að hafa samband við skólann sem hefði getað auglýst hann á heimasíðunni. Þorgrímur ræddi m.a. um framtíðarsýn og það að ná árangri. Hann fer út á næsta ári. Hann gæti komið með fræðslu fyrir 8. og 9. bekki fyrstu dagana í janúar. Það verður athugað betur.

Ákveðið var að fulltrúar foreldrafélagsins kæmu á fund hjá lausnateyminu (sem hét áður eineltisteymið) og fræddist um eineltismálin þann 16. desember. (Marsibil hefur rætt við Margréti K. og er þessi dagsetning fastsett.)

Vinavikan og fjölgreindaleikarnir gengu afar vel. Fyrirliðarnir stóðu sig með mikilli þryði

Rætt var um matinn frá Skólamat og hvort of mikið væri um unnar kjötvörur þar. Ath. með salatborðið þegar miðdeildin kemur. Ath. með túnfiskinn að hafa hann oftast með ef krakkarnir vilja ekki kjöt. Sveindís mun skrifa til Fannýar til að fá betri upplýsingar um þetta efni.

Ekki hefur gengið vel með miðvikudagsgöngur foreldrafélagsins og finna þarf betri ráð til að fá fólk með. Í einni göngunni skoðuðu þau flottan garð hjá Suðurbæjarlaug.

Ath. með hettupeysur sem fjáröflun fyrir 10. bekk. Hafsteinn er að athuga þetta. Hægt er að láta framleiða hjá „Margt smátt“. Ath. með styrktaraðila.

Sigurborg nefndi vetrarfríið. Vilja foreldrar hafa það? Það mætti kanna. Við höfðum val um eitt eða tvö vetrarfrí. Er það draumurinn? Kristinn vill hafa skipulag fyrir næsta skólaár tilbúið sem fyrst eða fyrir tvö ár í einu.

Fundi slitið. Samantekt: Marsibil Ólafsdóttir.